

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1933.

Konungleeg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 14. júní 1933 (nr. 104).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 18. júní 1933 (nr. 105).

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, undirskrifuð af forsætisráðherra 29. júní 1933 (nr. 106).

Lög um ullarmat, undirskrifuð af konungi 11. ágúst 1933 (nr. 107).

Lög um refaveiðar og loðdýrarækt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 108).

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kvennmenntunarsjóð Ytrieyjar-skólans“, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1933. Skipulagsskráin er þannig: **59**

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kvennmenntunarsjóð Ytrieyjarskólans.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elinu Briem forstöðukonu kvennaskólans á Ytriey, ásamt kennurum og nemendum skólans, árið 1894, og er upphæð hans við árslok 1932 kr. 5327.95.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungar stúlkur til náms við kvennaskólann á Blönduósi eða við þann kvennaskóla, er tekur við af honum.

3. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir skólanefnd að fengnum tillögum forstöðukonu kvennaskólans, og skal auk þarfar nemandans sérstaklega taka tillit til kostgæfni og framfara við námið.

4. gr.

Sjóðurinn er innistandandi í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 227, og ávaxtast hann þar eftirleiðis. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Hálfum ársvöxtum sjóðsins má verja til þess, er segir í 2. gr., en hinn helmingur vaxtanna leggst ávallt við höfuðstólinn.

59

5. gr.

30. maí

Sjóðurinn er undir stjórn skólanefndar Kvennaskólans á Blönduósi, og skal reikningur sjóðsins fyrir umliðið reikningsár lagður fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ár hvert til endurskoðunar og samþykktar.

Reykjavík, 18. maí 1933.

Elín Briem Jónsson.

60

13. júní

REGLUGERÐ

um merking fiskpakka.

Merkingu fiskpakka, sem ætlaðir eru til útflutnings, skal fyrir komið þannig, að hver verkunarstöð hafi eitt eða fleiri merki, sem er samsett af þrem bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið pakkans eða kassans í línu yfir sendingarmerki, sem er samsett af tölustöfum.

Fyrsti stafur merkisins táknar yfirmatsumdæmi, annar veiðistöð, en þriðji verkunarstöð.

Matsumdæmi yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík hefir bókstafinn F (Faxi)

—	—	á Ísafirði	—	—	O (Oeste)
—	—	— Akureyri	—	—	N (Norte)
—	—	— Seyðisfirði	—	—	E (Este)
—	—	í Vestm.eyj.	—	—	V (Vestman)

Yfirfiskimatsmaður ákveður bókstaf einn eða fleiri fyrir veiðistöð, eða útflutningshöfn og verkunarstöð, sem einnig getur haft fleiri merki en eitt. Skal hyllst til að láta stærstu stöðvarnar fá stafi, sem hægt er að kveða að.

Ekki má nota stafina Á, Í, Ó, Ö, Æ, Þ, eða W og ekki X nema til að tákna afbrigði, svo sem að fiskur sé veiddur í öðru umdæmi en hann er verkaður. Skal síðan geta afbrigðisins á matsvottorði. X-ið skal sett sem fjórði stafur.

Önnur merki, sem félög eða einstaklingar óska eftir að setja á pakkana, mega ekki vera meira en 30 sm. á hvern veg.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt fundarsamþykkt yfirfiskimatsmanna, sbr. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 46, 8. september 1931, um fiskimat, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.